

Brjef stjórnarráðsins til póstmeistara um sending Alþingistíðindanna og Stjórnartíðindanna með póstum. 126

1. nóv.

Afgreiðslumenn Alþingistíðindanna og Stjórnartíðindanna, sem hingað til hafa verið send með póstum þannig að borgað hefir verið undir þau sem undir blöð og tímarit, hafa skýrt stjórnarráðinu frá því, að þjer, herra póstmeistari, hafið nú ákveðið, að með því að nefnd tíðindi fullnægi ekki ákvæðum 23. gr., 2. og 3. málgr. reglugjörðar 7. mars 1908, um notkun pósta, þá verði þau ekki flutt framvegis sem blöð og tímarit.

Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og frekari aðgerða, að stjórnarráðið hefir, án þess á nokkurn hátt að vefengja að skilningur yðar á hjerablútandi fyrirmælum póstreglugjörðarinnar sje rjettur, ákveðið, að Alþingistíðindin og Stjórnartíðindin skuli eins og hingað til einnig send framvegis með póstum og greitt burðargjald undir þau eins og blöð og tímarit eftir 23. gr. póstreglugjörðarinnar, með því að haganlegast er að senda þau á þenna hátt.

Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Hafnarfirði um innflutning á hundi. 127

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá V. O. Bernhöft bakara í Hafnarfirði ^{30. nóv.} um að honum verði leyft að flytja hjer í land hund frá Englandi.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið, samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þess með eftirfarandi skilyrðum:

1. að hundinum fylgi vottorð dýralæknis í Englandi um, að hann hafi verið heill heilsu við útskipun þar, og að hann sje fluttur hingað beina leið,
2. að dýralæknir skoði hundinn áður en hann er fluttur hjer í land og hafi ekkert við heilbrigði hans að athuga,
3. að hundinum sje haldið í sóttkví, svo að hann komi ekki saman við aðra hunda, undir umsjón dýralæknis í 4 vikur, og hann eftir þann tíma reynist að öllu leyti heilbrigður.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndum bakara hefir verið tilkynt þetta hjeðan.